



Forsætisráðherra, mál Gunnars Thoroddsen 1969, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Forsætisráðherra – Gunnar Thoroddsen – Jóhann Hafstein –
Ingólfur Jónsson – Magnús Jónsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-37, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ingólf Jónsson og Jóhann Hafstein. Sjálfur sagði hann, að prófessorsstaðan væri lögbundin og hana ætti að skipa strax og fjárveiting væri fyrir hendi. Ég sagði, að eins og hann vissi hefði sú staða verið ráðgerð alveg án hans tilkomu framkvæmd ákvæðisins væri frestað um sinn

sem þegar væri lögbundnar, yrðu skipaðar áður en ráðist væri í að lögfesta nýjar. Þess vegna ætti ekki að þurfa að verða þörf á því að fá þessa stöðu skipaða ef svo vildi verkast. Eins væri með fjölgun hæstaréttardómara, sú hugmynd væri ekki sprottin frá ríkisstjórninni, heldur framborin af hæstaréttardómurum sjálfum í sambandi við 50 ára afmæli réttarins og væri eðlilegt, að tekin væri afstaða til þeirrar málaleitunar sjálfstætt og án þess að hægt yrði að segja að þar væri sérstaklega verið að gera nokkuð fyrir hann, þá lægi þannig í loftinu að bæði Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson hefðu haft orð á því að hætta störfum. Mér væri að vísu síður kunnugt um Gizur, en Jónatan hefði á sínum tíma sagt við mig að hann vildi hætta um næstu

en haldið áfram er hann var kosinn forseti

og sagt mér að hann ætlaði að gegna stöðunni á meðan á því kjörtímabili stæði, en það rynni út nú um áramótin. Vel gæti svo verið, að bæði Gizur og Jónatan mundu halda áfram fram yfir afmæli réttarins ef til vill til vors, jafnvel þó þeir vildu báður hverfa úr starfi. Nú væri sem sagt verið að kanna þetta af Jóhanni Hafstein eing og Gunnar sjálfur tók fram. Síðan sneri Gunnar máli sínu að bankastjórástöðunniog sagði það vera algjöran mis- skilning að hann hefði ákveðið að verða við tilmælum okkar um að sækjast ekki eftir þeirri stöðu, hann óskaði einungis eftir að fá að vita hvað í þeim tilmælum fælist, áður en hann tæki afstöðu til þeirra. Ég sagði að þeir Ingólfur og Jóhann mundu hafa skilið hann á annan veg, en hann ítrekaði mjög sterklega, að hann væri engan vegin búinn að taka ákvörðun um að hverfa frá umsókn um bankastjórástarfið, hvað sem yrði um hinar stöðurnar sem boðizt hefðu í það. Þá lét hann uppi mjög mikla óánægju með afstöðu okkar ráðherranna og þá einkum mín í málinu og með bréf mitt eins og hann orðaði það. Ég hefði ~~þetta~~ neitað bæði að segja hverjir það væru, sem væru á móti honum og eins hvaða rök væru með og á móti, og þætti sér einkennilegt eftir að við hefðum allir starfað jafn lengi saman, að hann væri meðhöndlaður sem ókunnugur maður og neitað um slíkar upplýsingar,

sagðist þó láta vera að ekki væru nöfn gefin upp, hitt væri fráleitt að ~~egja~~ segja ekki hvað á móti sér væri haft. Ég sagði að skjóta mér bak við nokkra menn úti í bæ og af þeirri ástæðu teldi ég ástæðulaust að vera að telja upp einstök nöfn í þessu sambandi, það sem úrslitum hefði ráðið hjá mér og öðrum, væri það að við, að mjög vel athuguðu máli, teldum að Gunnar væri ekki sérstaklega lagaður til þessarar stöðu, og væri það raunar ekki einstætt um hann, heldur alla aðra, að þeir væru ekki jafnvel hæfir til allra starfa t.d. dytti mér sjálfum ekki í hug að sækjast eftir bankastjórástöðu hvað sem að örðu leyti kynni í að skerast. Gunnar taldi fráleitt, að slíkt mat fengi staðist eftir allar þær stöður sem hann hefði gegnt og ef við hefðum litið þannig á, af hverju við hefðum tekið mála- leituninni vel í fyrstu og samþykkt að styðja sig til starfsins eins og Jóhann Hafstein hefði tjáð Ásgeiri syni sínum. Að minnsta kosti hefði ég aldrei verið með í slíkri samþykkt, allt annað mál væri, að við hefðum allir tekið vinsamlega í að athuga þetta vegna þess að út af fyrir sig vildum við það gera fyrir Gunnar sem við teldum okkur ~~fær~~ fært, og auðvitað stæði ég við það sem ég hefði sagt við Þórhall Ásgeirsson á sínum tíma, að vitanlega stæði Gunnar nærri þessari stöðu, en við hefðum komizt að þeirri niðurstöðu að mjög vel athuguðu máli að honum væri annað betur gefið heldur en að fara í hana.

Ég sagði að ef í slíkar upptalningar ætti að fara væri betra, að við værum allir saman ráðherrarinnir og bankaráðsmennirnir, til þess að hægt væri að tala um málið, í heild, og ekki væri hætt á því að rangt væri á milli borið eða misskilningur yrði á því, sem sagt hefði verið eins og nú væri þegar komið fram í þessu samtali. Gunnar vildi ekki þekkjast þetta, ítrekaði að hart væri að fá ekki vitneskju um hvað væri á móti sér haft og vitnaði hann í það að engin væri svo, að hann væri til allra starfa ~~hæfuk~~ jafn hæfur, enda enginn dómari í sjálfs sín sök. Á sínum tíma þá hefði ég t.d. beitt mér mjög á móti því að Jakob Möller yrði borgarstjóri þó að ég hefði verið fáum mönnum handgengnari og metið meira, eins og fram hefði komið fyrr og síðar, en slíkt mat yrði hver að gera eftir sinni beztu sannfæringu. Gunnar sagði mig mjög hafa rangfarið með afstöðu þingmanna, hann hefði fengið boð frá mörgum um að þeir styddu sig, hitt væri svo út í hött þegar ég hefði sagt í bréfi mínu eins og hann orðaði

væri skiptur því að vitanlega

þýddi það að hafa mikil áhrif, ef formaður flokksins hefði þar aðra skoðun en þingmenn og margir löguðu sig þá eftir honum.

Eftir það beindist málflutningur Gunnars mjög að því að ég hefði hér ráðið úrslitum og spurði við hvað ég hefði átt, þegar ég hefði sagt að málið hefði verið tekið upp af hvatvísi og án þess og mundi vísa öðru vísi út, ef hann hefði byrjað að tala við mig í stað þess að senda skilaboð til mín í gegnum varaformann flokksins, og ekki mætti það ráða úrslitum í slíku máli, þó að ekki hefði fyrst verið talað við mig. Ég sagði að það hefði aldrei ráðið úrslitum hjá mér, hitt væri annað mál, að miklu skynsamleggra hefði verið ef hann hefði komið og talað við mig og aðra í bróðerni, áður en stífni og karp hljóp í málið. Þá hefði verið hægt að ræða þetta rólega, kosti og galla, í stað þeirrar aðferðar sem við hefði verið höfð, en á það mætti einnig líta, að ef málið hefði þótt of viðkvæmt til að takast upp við mig strax á fyrsta stigi, þá hefði ekki síður verið óheppilegt að hafa þá aðferð, sem beitt var, og hann hefði torvelað sér málið með þessu, þó að það hefði aldrei ráðið úrslitum í mínum augum. Gunnar sagðist vera mjög undrandi á framkomu minni og okkar í þessum eignum. Ég svaraði því svo, að við værum ekki síður undrandi á hans framkomu og spurði hann þá, af hverju sú undrun stafaði. Ég sagði, að ég væri ekki hingað kominn til að munnhöggvast við hann, en hann vissi eins vel og ég allan þann mikla áróður, sem í frammi hefði verið hafður og málið hefði verið sótt

með offorsi. Hann sagði þá, að ég væri með þessu að bera fram ásakanir gegn sér og vildi fá skýringu á því í hverju þetta offors væri fólgið. Ég sagði, að hann þekkti allan gang málsins eins og ég, og hefði ég ekki meira að ~~segja~~ um það að segja. Öllu lengri urðu þessi orðaskipti ekki, enda var Gunnar staðinn upp undir lokin og kvaddi mig síðan með handabandi og fór. Þetta er í höfuðatriðum það sem fram fór í samtalinu.

Hinn 23. júlí 1969 hringdi Gunnar Thoroddsen til mín frá Kaupmannahöfn. Erindi hans var að spyrja mig, hvað liði máli því, sem hann hefði skrifað mér um í bréfi hinn 4. júlí s.l., þe. um áhuga hans fyrir bankastjóra-stöðu í Landsbankanum. Ég svaraði, að allt væri óráðlið, en þungt fyrir og mikill órói í kringum málið. Hann sagðist hafa hug á að koma heim einhvern næstu daga og vildi þá ræða við mig um málið. Ég sagðist nú vera í þann veginn að fara í sumarfrí og menn væru hingað og þangað svo mjög væri erfitt að hafa samráð við þá og málið allt væri þannig vaxið, að menn yrðu að bera ráð sín saman. Gunnar spurði, hverjir mundu ráða þessu endanlega til lykta, hvort það væri þingflokkurinn. Ég svaraði því til, að eins og hann vissi, þá væri það formlega bankaráð, en talað hefði verið um, að okkar menn þar hefðu samráð við ráðherra flokksins og miðstjórn. Gunnar spurði hvernig stæði á þeirri andstöðu, sem fram hefði komið, og hvort ekki væri þá einnig eitthvað positivt fyrir sig. Ég sagði svo vera, að einmitt óróinn kæmi af því, að mönnum sýndist nokkuð sitt hvað um málið, en þess væri ekki að dyljast, að það skapaði okkur mjög mikla öruggleika, og andstaða geng honum væri mikil einmitt í þessa stöðu, enda teldi ég, að málið hefði verið

ranglega upp tekið og óbyggilega sótt. Hann sagðist fyrst hafa látið hreyfa því við varaformann flokksins. Ég sagði það rétt vera, en samtímis hefði verið talað við ýmsa fleiri og málið jafnskjótt verið flutt víðs vegar og af því hefði sprottið mikill órói. Skynsamlegra hefði verið, ef hann hefði þá þegar haft samband við mig og síðan komið heim til viðtals. Nú horfði málið, því miður, miklu þunglegar. Hann spurði, hvort ég mundi hafa samráð við sig, áður en því yrði ráðið til lykta og hvort það yrði skjóttlega. Ég sagði, að það yrði ekki ákveðið í dag eða á morgun, heldur mundi beðið þangað til menn gætu hitzt og borið frekar ráð sín saman. Einmitt þess vegna teldi ég hingaðkomu hans nú þýðingarlitla eða lausa. Hann spurði, hvort ég vildi láta sig vita, hvenær henta mundi, að hann kæmi heim. Ég sagðist mundi hafa samráð við fleiri um það mál og koma þá boðum til hans. Þetta var aðalefni þess, sem okkur fór á milli.

Hinn 15. júlí 1969 kl. 3 e.h. kom Ásgeir Ásgeirsson forseti á skrifstofu mína og hafði beðið um viðtal daginn áður. Hann sagði Gunnar Thoroddsen og frú hafa komið til Kaupmannahafnar í fyrradag og hafa hringt í sig í gær. Þá hefði hann spurt fréttu af bankastjórástöðu, en Ásgeir svaraði að hann gæti engar fréttir sagt. - En að ráði hefði orðið, að hann skyldi tala við mig um málið. Hann sagði Gunnar hafa skrifað okkur sjálfstæðisráðherrunum um málið og samtímis hefði Ásgeir Thoroddsen flutt málið við nokkra aðila til þess að láta vita um áhuga föður síns. En Ásgeir Ásgeirsson tók sérstaklega fram, að Ásgeir Thoroddsen hefði aldrei talað um málið við Baldvin Jónsson og aldrei sagt við neinn, eitthvað á þá leið að nú þyrfti ekki lengur að berjast við Pétur Benediktsson, eins og eftir honum væri haft. Slík vinnubrögð væru Ásgeiri með öllu framandi.

Þá rakti Ásgeir Ásgeirsson gang mála frá forsetakjörinu, þar sem hann sagði Gunnar hafa sett sig í vísvitandi hættu af eigin hvötum, óumbeðið af sér, en sú hættu svo fram komið við forsetakjörið í fyrra. Nú sagði hann þau hjón bæði vilja koma heim og hafa hug á þessari stöðu. Ásgeir lýsti samúð sinni með núverandi stjórnarflokkum og lagði ríka áherzlu á, að stjórnin stæði þrátt fyrir allt sterkari en ætla mætti eftir því erfiða ástandi, sem hún

hefði haft við að glíma. En fyrir Sjálfstæðisflokkinn væri mjög undir því komið, að samheldni væri í toppinum. Reynslan sýndi, að klofningur út í frá eða óánægja hefði til-
tölulega litla þýðingu, ef aðalforystumenn stæðu saman. Hann taldi reynslu Gunnars og feril sýna, að hann væri vel til þessa embættis hæfur, og þótt hann byggist ekki við því, að ég nú mundi geta gefið sér ákveðin svör, þá hefði hann þó, að gefnu því tilefni, sem hann gat um í upphafi og í samráði við Þórhall son sinn og Ásgeir Thoroddsen, að því er mér skildist, talið rétt, að hann ræddi málið við mig.

Ég byrjaði með því að þakka honum komuna og sagðist telja það mikilsvert, að við gætum rætt um þetta vandamál, sem væri erfiðara og margþættara, en í fljótu bragði mætti virðast. Varðandi forsetakjörið í fyrra, þá teldi ég það vera rétt, að kosningarnar 1952 hefðu haft meiri áhrif en ég eða aðrir hefðum búizt við. Þó væri það skoðun mín, að úrslitaáhrif hefði haft, að menn teldu, að þarna ætti að fara að ráða fyrir sig. Sagði Ásgeir þá þegar í stað, að það væri rétt, að sams konar tilfinning og hefði orðið sér til styrktar 1952, hefði nú orðið Gunnari til óþurftar, auk þess sem einkum margir yngri kjósendur hefðu snúizt gegn Gunnari af því, að þeir vildu ekki, að hér risi upp nokkurs

hefti: sverit at kemur
að taka vörðun af almenn-
ingsi og ríkisstofna embæt-
tum: sverur og verur
af litlum hóp manna
á kjósendum þess

konar dynasti.

Þá vék ég að því, að ég teldi, að of mikið fljótræði hefði verið haft í frammi af Gunnars eða þeirra hálfu um sókn eftir embættinu. Það hefði orðið til þess að vekja upp meiri andstöðu eða geðshræringar, en ef hægar hefði verið í sakir farið. Út af fyrir sig hefði ég talið eðlilegt, að Gunnar léti berast, að hann hefði áhuga fyrir stöðunni, en samtál við jafnmarga og hefði átt sér stað strax á fyrstu dögum, hefði að mínu viti verið mjög óheppilegt. Við mig hefði t.d. verið fullyrti, að við Baldvin Jónsson hefði verið talað strax í fyrstu, en Ásgeir kvað það með öllu rangt. Hvað sem um það væri, lagði ég áherzlu á, að af þessum sökum hefði vaknað tilfinning, að umsvifalaust ætti að fara að ráðstafa starfi, sem illa kæmi við suma, að einmitt Gunnar sæktist eftir. Að mínu viti væru þær tilfinningar ekki rökréttar, en staðreynd væri, að þær væru fyrir hendi, ekki einungis hjá aðstandendum, heldur hjá ótrúlega mörgum fleiri, að því er mér væri sagt, og tæki ég þó allar slíkar sagnir með fullri varúð. Ásgeir gerði sem allra minnst úr þessu og vildi ekki láta sér skiljast, að þarna hefði verið of skjótt við brugðizt. Enda sagði hann Ásgeir Thoroddsen einungis í samráði við sig hafa látið það berast út, að faðir hans sækti eftir stöðunni. Ég sagði allt þetta hafa verkað

á menn eins og setja ætti þá upp við vegg.

Ég gat þess, að strax í upphafi, áður en nokkur nöfn hefðu verið nefnd, hefði ég hreyft því á fundi sjálfstæðisráðherranna, að ég teldi stöðuna svo mikils virði, að e.t.v. væri réttast, að einhver ráðherranna færi í hana, en hver sem í stöðuna færi, yrði það að vera algert skilyrði, að sá hinn sami færi af þingi og hygðist ekki á framboð. Ásgeir tók undir það hvað eftir annað og ítrekaði, að hann teldi, að þingmennska og framboð samræmdist ekki stöðunni, eins og nú væri komið. Sjálfur hefði hann verið alllengi bankastjóri og þingmaður, en hefði rétt áður en hann fór í forsetaembætti verið búinn að ákveða að draga sig í hlé frá þingmennsku. Hann sagðist ekki hafa rætt þetta mál við Gunnar, en geta fullyrði, þó einungis eftir eigin hugboði, að Gunnar hygði alls ekki á þingmennsku eða bein stjórn- málaafskipti umfram það, sem við kynnum að óska, e.t.v. að hann héldi ræður öðru hvoru eða kæmi fram í samráði við okkur.] Ásgeir hafði strax í sínum fyrstu orðum sagt, að hann kæmi ekki auga á neinn þann mót кандидат, sem sér væri sárt um eða hann teldi koma til greina, nema Birgi Kjara, og taldi ólíklegt síðar í samtalinu, er að þingmennskunni var vikið, að nokkur þingmanna nú vildi láta af þingstörfum, til þess að fara í bankann. Ég sagði, að mér þætti slíkt hið sama ósennilegt, en sá vandi

væri engu að síður fyrir höndum, að 2 eða 3 þingmenn væru a.m.k. fánlegir til þess að taka stöðuna og yrði að halda þannig á málum, að af því hlytust ekki vandræði, enda væri ég engan veginn viss um, að við réðum við málið í bankaráði, nema liðlega væri á málum haldið. Ásgeir lagði þá, og í öllu samtalinu, ríka áherzlu á, að vandræðin mundu aukast við drátt, en allt sjatna niður og falla í sátt og samlyndi, ef ákvörðun yrði skjótlega tekin og við ráðherrarnir hefðum í því úrslitaráð. Ég sagði málið mun vandasamara en svo, enda sæi ég ekki út yfir það á þessu stigi málsins.

Ég sagði og, að sumum þætti spurning hvort Gunnar, sem allir viðurkenndu, að hefði yfirburðarhæfileika að ýmsu leyti, ætti einmitt heima í þessari stöðu. Enginn þyrfti að efast um velvilja a.m.k. okkar sjálfstæðisráðherranna til þess að gera veg Gunnars sem mestan, en þar með væri ekki endilega sagt, að þessi staða ein hentaði honum. Áður hefði ég heyrt, að hann hefði hug á hæstaréttardómaraembætti, sem raunar væri ekki laust nú, en gæti vafalaust orðið skjótlega. Athuga yrði, hvort það eða eitthvað annað gæti orðið til þess að leysa þennan vanda. Ýmsir, jafnvel hinir ótrúlegustu menn, hefðu komið til mín og haldið því fram, að þótt margt væri vel um Gunnar, þá hentaði honum ekki sérstaklega fjársýsla eða teldu hann mikinn fjármálmann og staðreynd væri, að hann hefði horfið

úr fjármálaráðherrastöðunni, af því að honum líkaði hún ekki.

Ásgeir sagði, að svo væri um alla, að þeir væru ekki alfullkomnir og hann sæi ekki, að þau nöfn, sem nefnd hefðu verið, væru slík, að eðlilegt væri, að Gunnar drægi sig í hlé fyrir þeim. Síð reynsla væri sú, að sjálfur hefði hann sízt reynst óhæfari bankastjóri en hinir vönu bankamenn Helgi Guðmundsson og Valtýr Blöndal. Ég játaði út af fyrir sig, að mér þætti líklegt, að betur yrði að skoða, hverjir gætu þennan vanda leyst, en ég væri sem sagt ekki reiðubúinn til þess að segja neitt frekar um það á þessu stigi. Ég sagði að spurning væri, hvort Gunnar ætti sérstaklega að keppa eftir þessu embætti, hvort af því leiddi ekki að upp mundi koma meiri eldur og ófriður heldur en menn hefðu reiknað með, og gegn honum vöknuðu sams konar leiðindi og upp hefði gosið í fyrra. Ásgeir sagði, að hann héldi, að þá hefði Sjálfstæðisflokkurinn að mestu staðið með Gunnari. Hér í bænnum hefðu aðallega snúizt á móti honum þeir, sem hefðu skotið sér undan skatti og þeir verið á móti skattalögreglu enda hefðu þeir eftir á sagt, að nú hefðu þeir launað fyrir sig. Það væri þessvegna einmitt röggsemi Gunnars í starfi, sem á honum hefði bitnað.

Ásgeir lagði enn ríka áherzlu á samheldni í flokknum og talaði um Gróusögur. Ég vék þá að því, að ég hefði fyrir h.u.b. mánuði sagt við Þórhall Ásgeirsson, að mér mislíkaði mjög,

það, sem menn hefðu haft beint eftir Gunnari, að ég hefði verið honum ótryggur í forseta-
kosningunum. Sannleikurinn væri sá, að það
helzta, sem að mér hefði mátt finna í þeim
efnum væri, að ég hefði beitt mér fyrir, að
flokkurinn hefði haft miklu meiri afskipti af
kosningunum Gunnari í hag, heldur en ráðgert
hafði verið. Ásgeir lagði þá ríka áherzlu á,
að honum væri kunnugt um fylgi mitt við Gunnar,
og að Gunnar og Vala hefðu bæði fullyrt í sín
eyru, að ég hefði eindregið stutt hann og væru
því allar slíkar sagnir algjör tilbúningur.
Áður fyrri hefði sams konar sögum verið haldið
uppi af andstæðingunum til þess að spilla á milli
okkar Gunnars, en nú reyndu einstakir menn í
flokknum að gera slíkt hið sama.

Undir lokin spurði Ásgeir mig að því,
hvort ég teldi ráðlegt, að Gunnar kæmi heim og
talaði við okkur, eða ætti við okkur símasamtal
um málið. Ég hugsaði mig nokkuð um og sagði,
að enn sæi ég ekki út yfir málið og það þyrfti
að skoðast betur. Ég teldi því ekki tímabært,
að Gunnar kæmi nú. Hitt hefði ég aftur á móti
talið miklu vænlegra að taka málið í fyrstu
upp með því, að fara hægt af stað og Gunnar *hefði*
komið heim og rabbað við okkur í kyrrþey. Á
þessu stigi teldi ég það naumast gagna, en ég
skyldi lofa því, að taka enga endanlega ákvörðun
í málinu, áður en ég talaði við Ásgeir aftur og
gæti þá vel svo farið, að ég teldi ráðlegt, að

Gunnar kæmi til viðtals, en um það vildi ég ekki frekar segja nú. Ásgeir ítrekaði það, að sem hann hafði sagt í upphafi, að hann hefði ekki búið við endanlegri ákvörðun minni á þessu stigi, lagði hins vegar ríka áherzlu á, að hann teldi, að við ráðherrarnir mundum ráða málinu og sagði, að samtalið hefði að því leyti orðið gagnlegt, að við skildum hvorn annan og afstöðu hvors um sig. Ég kvað það rétt vera og lagði á það ríka áherzlu af minni hálfu, að hvernig sem endir þess yrði, þá óskaði ég þess, að það mundi ekki skapa úfa okkar í milli.

Samtalið stóð réttan klukkutíma. Þetta eru aðalatriðin, en ekki alveg í réttri röð.

Sesit fagnir 15. júlí '64
Björn

Hinn 23. júlí 1969 hringdi Gunnar Thoroddsen til mín frá Kaupmannahöfn. Erindi hans var að spyrja mig, hvað liði máli því, sem hann hefði skrifað mér um í bréfi hinn 4. júlí s.l., þe. um áhuga hans fyrir bankastjóra-
stöðu í Landsbankanum. Ég svaraði, að allt væri óráðið, en þungt fyrir og mikill órói í kringum málið. Hann sagðist hafa hug á að koma heim einhvern næstu daga og vildi þá ræða við mig um málið. Ég sagðist nú vera í þann veginn að fara í sumarfrí og menn væru hingað og þangað svo mjög væri erfitt að hafa samráð við þá og málið allt væri þannig vaxið, að menn yrðu að bera ráð sín saman. Gunnar spurði, hverjir mundu ráða þessu endanlega til lykta, hvort það væri þingflokkurinn. Ég svaraði því til, að eins og hann vissi, þá væri það formlega bankaráð, en talað hefði verið um, að okkar menn þar hefðu samráð við ráðherra flokksins og miðstjórn. Gunnar spurði hvernig stæði á þeirri andstöðu, sem fram hefði komið, og hvort ekki væri þá einnig eitthvað positivt fyrir sig. Ég sagði svo vera, að einmitt óróinn kæmi af því, að mönnum sýndist nokkuð sitt hvað um málið, en þess væri ekki að dyljast, að það skapaði okkur mjög mikla örðugleika, og andstaða gegn honum væri mikil einmitt í þessa stöðu, enda teldi ég, að málið hefði verið

ranglega upp tekið og óbyggilega sótt. Hann sagðist fyrst hafa látið hreyfa því við varaformann flokksins. Ég sagði það rétt vera, en samtímis hefði verið talað við ýmsa fleiri og málið jafnskjótt verið flutt víðs vegar og af því hefði sprottið mikill órói. Skynsamlegra hefði verið, ef hann hefði þá þegar haft samband við mig og síðan komið heim til viðtals. Nú horfði málið, því miður, miklu þunglegar. Hann spurði, hvort ég mundi hafa samráð við sig, áður en því yrði ráðið til lykta og hvort það yrði skjótlega. Ég sagði, að það yrði ekki ákveðið í dag eða á morgun, heldur mundi beðið þangað til menn gætu hitzt og borið frekar ráð sín saman. Einmitt þess vegna teldi ég hingaðkomu hans nú þýðingarlitla eða lausa. Hann spurði, hvort ég vildi láta sig vita, hvenær henta mundi, að hann kæmi heim. Ég sagðist mundi hafa samráð við fleiri um það mál og koma þá boðum til hans. Þetta var aðalefni þess, sem okkur fór á milli.

16. ágúst 1969

Heiðraði vinur.

Í framhaldi af samtali okkar á dögunum sendi ég þér hér með afrit bréfs, sem við ráðherrar Sjálfstæðisflokksins sendum Gunnari Thoroddsen í gær. Málið hefur hvílt þungt á okkur í sumar, en ekki verið aðhafzt í því vegna þess, að menn náðu ekki saman vegna sumarfría. Er við ráðherrarnir höfðum ræðzt við fór Ingólfur Jónsson utan í umbóði okkar til að tala við Gunnar, eins og þér vafalaust er kunnugt. Því miður varð ekki sá árangur af viðtöllum þeirra, sem við höfðum vænt. Við erum reiðubúnir til þess að beita okkur fyrir því, að Gunnar fái skjótlega hvort heldur embætti hæstaréttardómara eða lagaprófessors en teljum, að mjög vel athuguðu máli, ekki fært að beita okkur fyrir því, að hann verði Landsbankastjóri. Því fer fjarri, að þessi skoðun okkar

byggist á kala til Gunnars, heldur hvílir hún,
þvert á móti, á honum mjög velviljaðri athugun
allra aðstæðna. Nú reynir á, að hann taki ekki
í fljótræði ákvarðanir, sem engum yrðu til góðs
en hvað, sem verða kann, þá er fullvíst, að við
höfum rækilega velt fyrir okkur öllum afleið-
ingum þeirra möguleika, sem fyrir hendi eru.

Með vinsemi og virðingu,

Hinn 15. júlí 1969 kl. 3 e.h. kom Ásgeir Ásgeirsson forseti á skrifstofu mína og hafði beðið um viðtal daginn áður. Hann sagði Gunnar Thoroddsen og frú hafa komið til Kaupmannahafnar í fyrradag og hafa hringt í sig í gær. Þá hefði hann spurt fréttu af bankastjórástöðu, en Ásgeir svaraði að hann gæti engar fréttir sagt. - En að ráði hefði orðið, að hann skyldi tala við mig um málið. Hann sagði Gunnar hafa skrifað okkur sjálfstæðisráðherrunum um málið og samtímis hefði Ásgeir Thoroddsen flutt málið við nokkra aðila til þess að láta vita um áhuga föður síns. En Ásgeir Ásgeirsson tók sérstaklega fram, að Ásgeir Thoroddsen hefði aldrei talað um málið við Baldvin Jónsson og aldrei sagt við neinn, eitthvað á þá leið að nú þyrfti ekki lengur að berjast við Pétur Benediktsson, eins og eftir honum væri haft. Slík vinnubrögð væru Ásgeiri með öllu framandi.

Þá rakti Ásgeir Ásgeirsson gang mála frá forsetakjörinu, þar sem hann sagði Gunnar hafa sett sig í ¹⁴⁵² vísvitandi hættu af eigin hvötum, óumbeðið af sér, en sú hættu svo fram komið við forsetakjörið í fyrra. Nú sagði hann þau hjón bæði vilja koma heim og hafa hug á þessari stöðu. Ásgeir lýsti samúð sinni með núverandi stjórnarflokkum og lagði ríka áherzlu á, að stjórnin stæði þrátt fyrir allt sterkari en ætla mætti eftir því erfiða ástandi, sem hún

hefði haft við að glíma. En fyrir Sjálfstæðisflokkinn væri mjög undir því komið, að samheldni væri í toppinum. Reynslan sýndi, að klofningur út í frá eða óánægja hefði til-
tölulega litla þýðingu, ef aðalforystumenn stæðu saman. Hann taldi reynslu Gunnars og feril sýna, að hann væri vel til þessa embættis hæfur, og þótt hann byggist ekki við því, að ég nú mundi geta gefið sér ákveðin svör, þá hefði hann þó, að gefnu því tilefni, sem hann gat um í upphafi og í samráði við Þórhall son sinn og Ásgeir Thoroddsen, að því er mér skildist, talið rétt, að hann ræddi málið við mig.

Ég byrjaði með því að þakka honum komuna og sagðist telja það mikilsvert, að við gætum rætt um þetta vandamál, sem væri erfiðara og margþættara, en í fljótu bragði mætti virðast. Varðandi forsetakjörið í fyrna, þá teldi ég það vera rétt, að kosningarnar 1952 hefðu haft meiri áhrif en ég eða aðrir hefðum búizt við. Þó væri það skoðun mín, að úrslitaáhrif hefði haft, að menn teldu, að þarna ~~ætti að fara að þáða fyrir sig.~~ Sagði Ásgeir þá þegar í stað, að það væri rétt, að sams konar tilfinning og hefði orðið sér til styrktar 1952, hefði nú orðið Gunnari til óþurftar, auk þess sem einkum margir yngri kjósendur hefðu snúizt gegn Gunnari af því, að þeir vildu ekki, að hér risi upp nokkurs

heft: svarið atkinnin
að teka máttin af almenn-
ingsi og ráðstafa embætti-
inn í vaxni og veru
af litluu hópi manna
á kjósendum (forsetum)

konar dynasti.

Þá vék ég að því, að ég teldi, að of mikið fljótræði hefði verið haft í frammi af Gunnars eða þeirra hálfu um sókn eftir embættinu. Það hefði orðið til þess að vekja upp meiri andstöðu eða geðshræringar, en ef hægar hefði verið í sakir farið. Út af fyrir sig hefði ég talið eðlilegt, að Gunnar léti berast, að hann hefði áhuga fyrir stöðunni, en samtal við jafnmarga og hefði átt sér stað strax á fyrstu dögum, hefði að mínu viti verið mjög óheppilegt. Við mig hefði t.d. verið fullyrt, að við Baldvin Jónsson hefði verið talað strax í fyrstu, en Ásgeir kvað það með öllu rangt. Hvað sem um það væri, lagði ég áherzlu á, að af þessum sökum hefði vaknað ein tilfinning, að umsvifalaust ætti að fara að ráðstafa starfi, sem illa kæmi við suma, að einmitt Gunnar sæktist eftir. Að mínu viti væru þær tilfinningar ekki rökréttar, en staðreynd væri, að þær væru fyrir hendi, ekki einungis hjá aðstandendum, heldur hjá ótrúlega mörgum fleiri, að því er mér væri sagt, og tæki ég þó allar slíkar sagnir með fullri varúð. Ásgeir gerði sem allra minnst úr þessu og vildi ekki láta sér skiljast, að þarna hefði verið of skjótt við brugðizt. Enda sagði hann Ásgeir Thoroddsen einungis í samráði við sig hafa látið það berast út, að faðir hans sækti eftir stöðunni. Ég sagði allt þetta hafa verkað

á menn eins og setja ætti þá upp við vegg.

Ég gat þess, að strax í upphafi, áður en nokkur nöfn hefðu verið nefnd, hefði ég hreyft því á fundi sjálfstæðisráðherranna, að ég teldi stöðuna svo mikils virði, að e.t.v. væri réttast, að einhver ráðherranna færi í hana, en hver sem í stöðuna færi, yrði það að vera algert skilyrði, að sá hinn sami færi af þingi og hygðist ekki á framboð. Ásgeir tók undir það hvað eftir annað og ítrekaði, að hann teldi, að þingmennska og framboð samræmdist ekki stöðunni, eins og nú væri komið. Sjálfur hefði hann verið allengi bankastjóri og þingmaður, en hefði rétt áður en hann fór í forsetaembætti verið búinn að ákveða að draga sig í hlé frá þingmennsku. Hann sagðist ekki hafa rætt þetta mál við Gunnar, en geta fullyrði, þó einungis eftir eigin hugboði, að Gunnar hygði alls ekki á þingmennsku eða bein stjórn- málaafskipti umfram það, sem við kynnum að óska, e.t.v. að hann héldi ræður öðru hvoru eða kæmi fram í samráði við okkur.] Ásgeir hafði strax í sínum fyrstu orðum sagt, að hann kæmi ekki auga á neinn þann mótkeppingarmann, sem sér væri sárt um eða hann teldi koma til greina, nema Birgi Kjarran, og taldi ólíklegt síðar í samtalinu, er að þingmennskunni var vikið, að nokkur þingmenn nú vildi láta af þingstörfum, til þess að fara í bankann. Ég sagði, að mér þætti slíkt hið sama ósennilegt, en sá vandi

væri engu að síður fyrir höndum, að 2 eða 3 þingmenn væru a.m.k. fánlegir til þess að taka stöðuna og yrði að halda þannig á málum, að af því hlytust ekki vandræði, enda væri ég engan veginn viss um, að við réðum við málið í bankaráði, nema liðlega væri á málum haldið. Ásgeir lagði þá, og í öllu samtalinu, ríka áherzlu á, að vandræðin mundu aukast við drátt, en allt sjatna niður og falla í sátt og samlyndi ef ákvörðun yrði skjóttlega tekin og við ráðherrarnir hefðum í því úrslitaráð. Ég sagði málið mun vandasamara en svo, enda sæi ég ekki út yfir það á þessu stigi málsins.

Ég sagði og, að sumum þætti spurning hvort Gunnar, sem allir viðurkennu, að hefði yfirburðarhæfileika að ýmsu leyti, ætti einmitt heima í þessari stöðu. Enginn þyrfti að efast um velvilja a.m.k. okkar sjálfstæðisráðherranna til þess að gera veg Gunnars sem mestan, en þar með væri ekki endilega sagt, að þessi staða ein hentaði honum. Áður hefði ég heyrt, að hann hefði hug á hæstaréttardómaraembætti, sem raunar væri ekki laust nú, en gæti vafalaust orðið skjóttlega. Athuga yrði, hvort það eða eitthvað annað gæti orðið til þess að leysa þennan vanda. Ýmsir, jafnvel hinir ótrúlegustu menn, hefðu komið til mín og haldið því fram, að þótt margt væri vel um Gunnar, þá hentaði honum ekki sérstaklega fjársýsla eða teldu hann mikinn fjármálamann og staðreynd væri, að hann hefði horfið

úr fjármálaráðherrastöðunni, af því að honum líkaði hún ekki.

Ásgeir sagði, að svo væri um alla, að þeir væru ekki alfullkomnir og hann sæi ekki, að þau nöfn, sem nefnd hefðu verið, væru slík, að eðlilegt væri, að Gunnar drægi sig í hlé fyrir þeim. Síð reynsla væri sú, að sjálfur hefði hann sízt reynst óhæfari bankastjóri en hinir vönu bankamenn Helgi Guðmundsson og Valtýr Blöndal. Ég játaði út af fyrir sig, að mér þætti líklegt, að betur yrði að skoða, hverjir gætu þennan vanda leyst, en ég væri sem sagt ekki reiðubúinn til þess að segja neitt frekar um það á þessu stigi. Ég sagði að spurning væri, hvort Gunnar ætti sérstaklega að keppa eftir þessu embætti, hvort, af því leiddi ekki að upp mundi koma meiri eldur og ófriður heldur en menn hefðu reiknað með, og gegn honum vöknðu sams konar leiðindi og upp hefði gosið í fyrra. Ásgeir sagði, að hann héldi, að þá hefði Sjálfstæðisflokkurinn að mestu staðið með Gunnari. Hér í bænnum hefðu aðallega snúizt á móti honum þeir, sem hefðu skotið sér undan skatti og ^{þess vegna} þeir verið á móti skattalögreglu enda hefðu þeir eftir á sagt, að nú hefðu þeir launað fyrir sig. Það væri þessvegna einmitt röggsemi Gunnars í starfi, sem á honum hefði bitnað.

Ásgeir lagði enn ríka áherzlu á samheldni í flokknum og talaði um Gróusögur. Ég vék þá að því, að ég hefði fyrir h.u.b. mánuði sagt við Þórhall Ásgeirsson, að mér mislíkaði mjög

það, sem menn hefðu haft beint eftir Gunnari, að ég hefði verið honum ótryggur í forseta-
kosningunum. Sannleikurinn væri sá, að það
helzta, sem að mér hefði mátt finna í þeim
efnum væri, að ég hefði beitt mér fyrir, að
flokkurinn hefði haft miklu meiri afskipti af
kosningunum Gunnari í hag, heldur en ráðgert
hafði verið. Ásgeir lagði þá ríka áherzlu á,
að honum væri kunnugt um fylgi mitt við Gunnar,
og að Gunnar og Vala hefðu bæði fullyrt í sín
eyru, að ég hefði eindregið stutt hann og væru
því allar slíkar sagnir algjör tilbúningur.
Áður fyrri hefði sams konar sögum verið haldið
uppi af andstaðingunum til þess, að spilla á milli
okkar Gunnars, en nú reyndu einstakir menn í
flokknum að gera slíkt hið sama.

Undir lokin spurði Ásgeir mig að því,
hvort ég teldi ráðlegt, að Gunnar kæmi heim og
talaði við okkur, eða ætti við okkur símasamtal
um málið. Ég hugsaði mig nokkuð um og sagði,
að enn sæi ég ekki út yfir málið og það þyrfti
að skoðast betur. Ég teldi því ekki tímabært,
að Gunnar kæmi nú. Hitt hefði ég aftur á móti
talið miklu vænlegra að taka málið í fyrstu
upp með því, að fara hægt af stað og Gunnar
komið heim og rabbað við okkur í kyrrþey. Á
þessu stigi teldi ég það naumast gagna, en ég
skyldi lofa því, að taka enga endanlega ákvörðun
í málinu, áður en ég talaði við Ásgeir aftur og
gæti þá vel svo farið, að ég teldi ráðlegt, að

Gunnar kæmi til viðtals, en um það vildi ég ekki frekar segja nú. Ásgeir ítrekaði það, sem hann hafði sagt í upphafi, að hann hefði ekki búið við endanlegri ákvörðun minni á þessu stigi, lagði hins vegar ríka áherzlu á, að hann teldi, að við ráðherrarnir mundum ráða málinu og sagði, að samtalið hefði að því leyti orðið gagnlegt, að við skildum hvorn annan og afstöðu hvors um sig. Ég kvað það rétt vera og lagði á það ríka áherzlu af minni hálfu, að hvernig sem endir þess yrði, þá óskaði ég þess, að það mundi ekki skapa úfa okkar í milli.

Samtalið stóð réttan klukkutíma. Þetta eru aðalatriðin, en ekki alveg í réttri röð.

Sesit
fyrir 15. júlí
Björn

Trúnaðarmál.

1. Ástæður fyrir áhuga á Landsb.stöðunni:

Löngun eftir fjölbreyttara og meira lifandi starfi í nánari tengslum við athafnalífið, þjóðlífið. Vonast til að geta orðið góðum ^ámlum að liði. Vill helga bankanum starfskrafta, forðast aukastörf, m.a. þingmennsku. Ekki ókunnugur bankanum, vegna fyrri starfa. Fyrir Reykjavíkurborg, sem á mikið undir lb., mikilvægt fá mann, sem auk velvilja þekkir af eigin raun til vandamála borgarinnar og þess vegna aðstöðu til að greiða úr.- Er kunnugt um talsverðan kurr og sárindi meðal ýmissa Sjálfstæðismanna frá kosningunum í fyrra og telur sig hafa betri möguleika en ýmsir aðrir til þess að jafna og setta í því sambandi.- Fjölskylduástæður, skólaganga dóttur, heimprá eftir rúm 4 ár erlendis.

2. Málið virtist fá mjög góðar undirtektir bæði hjá föxustu Sjtfl., þingmönnum hans og í almennu umtali meðal Sjálfstæðismanna. Að vísu búizt við einhverri andstöðu,- annarsvegar væru að sjálfsögðu fleiri menn, sem hefðu áhuga á starfinu, hinsvegar ættum við allir, sem staðið hefðum í streng stjórnmalanna, andstæðinga innan flokks. Hitt hafi komið honum mjög á óvart, að forysta flokksins meti þá andstöðu svo mikils, að þess vegna yrði ~~þann~~ ^{þann} beðinn að draga sig í hlé.

3. Þakkar vinsamleg tilboð um stöður. Varðandi prófessorsstöðu var staða Theódórs Línalds auglýst í vor, og var G.Th. þá spurður, hvort hann vildi ekki sækja og beinlínis hvattur til þess af ábyrgum aðiljum við háskólann; en hann óskaði þess ekki, af ýmsum ástæðum, m.a. hefði þá verið óhjákvæmilegt að taka að sér margvísleg aukastörf og dreifa þannig starfskröftum. Það breytir ekki afstöðunni, þótt notuð yrði lagaheimildin fyrir stofnun nýs prófessorsembættis.

Tilboð um dómarasæti í Hæstarétti sé virðulegt og á marga lund freistandi, en með hliðsjón af þörf og þrá eftir viðtækara athafnasviði og meira lifandi starfi, sbr. 1. lið, sé dómara starfið nokkuð einhæft og innilokað.- Hugmyndina um fjölgun dómenda í sambandi við 50 ára afmæli dómsins hafði hann ekki heyrt um fyrr. Þótt rök væru vafalaust fyrir fjölgun og ríkisstjórnin gæti fengið hana samþykka, mætti búast við mikilli gagnrýni og andspyrnu einmitt nú vegna fjárhagsástandsins, þegar spara þarf og skera niður

útgjöld á svo mörögum sviðum. - G.B.hefur að vísu haft við orð að láta af störfum áður en hann yrði sjötugur, eftir tæp 3 ár (sbr. Þ.Eyj. 69 ára), en ekki tekið neina ákvörðun um hvenær. Ef hann yrði fenginn til þess nú, kynni það að verða af einhverjum sett í samband við Landsbankamálið, og væri sá blær ekki æskilegur.

4. Sú andstaða og þeir erfiðleikar, sem mikið er gert úr, munu ekki stafa frá neinum þeim aðiljum, sem samkvæmt flokksreglum, venjum eða eðli máls taka ákvarðanir um málefni flokksins, heldur frá einhverjum utanaðkomandi øflum eða aðiljum. Ekki getur þar verið um fjölmenna hópa eða øflug samtök að ræða, þar sem lítt verður við þetta vart heima, og fáir ~~þeir~~ virðast kunna á þessu nein skil utan þrengsta forustuliðs. ~~Þetta er ekki~~ Sér hafi ekki verið sýndur sá trúnaður að fá um það að vita, í hverju þessi andstaða sé fólgin eða hvaðan hún komi. Af fregnum að ráða frá kunnugum mönnum heima megji þó álykta, að andstaðan komi frá fólki, sem ákafast beitti sér gegn honum í fyrra. Þykir honum furðu sæta, ef áróður þess fólks er meira metinn en *umbökn* ~~þess~~ hans, studdur af fjölda þingmanna og annarra ~~þingmanna~~ Sjt.-manna, og unír því illa, ef það fólk á nú að fá þá umbun að hrósa sigri í annað sinn. Kveðst ekki sjá, hvernig ~~þetta~~ flokksleg vá eða vandamál mundu af því leiða, þótt hann færi að Land^sbankanum; hinsvegar viti hann, að væri honum hafnað, mundi það valda undrun og sárri gremju hjá fjölda manna, og sj^{lf}fur teldi hann sig beittan ós^angirni.
5. Þrátt fyrir það, þótt hann geti illa fellt sig við, eins og málin liggja fyrir, að fá ekki starfið við Landsbankann, hefur hann boðið til samkomulags, til að leysa vandann, að draga sig til baka fyrir D.ól.og fara í hans stað í Seðlabankann, ef flokksforustan teldi þá leið vænlegri til friðsamlegrar lausnar.

regluga upp tekið og óhyggilega sátt.

Hann sagðist fyrir hafa lífið þeytt því við
vireformann flokksins. Ég sagði það rétt

Hinn 23. júlí 1969 hringdi Gunnar
Thoroddsen til mín frá Kaupmannahöfn. Erindi
hans var að spyrja mig, hvað líði máli því,
sem hann hefði skrifað mér um í bréfi hinn 4.
júlí s.l., þe. um áhuga hans fyrir bankastjóra-
stöðu í Landsbankanum. Ég svaraði, að allt væri
óráðið, en þungt fyrir og mikill órói í kringum
málið. Hann sagðist hafa hug á að koma heim
einhvern næstu daga og vildi þá ræða við mig
um málið. Ég sagðist nú vera í þann veginn
að fara í sumarfrí og menn væru hingað og þangað
svo mjög væri erfitt að hafa samráð við þá og
málið allt væri þannig vaxið, að menn yrðu að
bera ráð sín saman. Gunnar spurði, hverjir
mundu ráða þessu endanlega til lykta, hvort það
væri þingflokkurinn. Ég svaraði því til, að eins
og hann vissi, þá væri það formlega bankaráð, en
talað hefði verið um, að okkar menn þar hefðu
samráð við ráðherra flokksins og miðstjórn.
Gunnar spurði hvernig stæði á þeirri andstöðu,
sem fram hefði komið, og hvort ekki væri þá einnig
eitthvað positívt fyrir sig. Ég sagði svo vera,
að einmitt óróinn kæmi af því, að mönnum sýndist
nokkuð sitt hvað um málið, en þess væri ekki að
dyljast, að það skapaði okkur mjög mikla öröug-
leika, og andstaða geng honum væri mikil einmitt

ranglega upp tekið og óbyggilega sótt. Hann sagðist fyrst hafa látið hreyfa því við varaformann flokksins. Ég sagði það rétt vera, en samtímis hefði verið talað við ýmsa fleiri og málið jafnskjótt verið flutt víðs vegar og af því hefði sprottið mikill órói. Skynsanlegra hefði verið, ef hann hefði þá þegar haft samband við mig og síðan komið heim til viðtals. Nú horfði málið, því miður, miklu þunglegar. Hann spurði, hvort ég mundi hafa samráð við sig, áður en því yrði ráðið til lykta og hvort það yrði skjótlega. Ég sagði, að það yrði ekki ákveðið í dag eða á morgun, heldur mundi beðið þangað til menn gætu hitzt og borið frekar ráð sín saman. Einmitt þess vegna teldi ég hingaðkomu hans nú þýðingarlitla eða lausa. Hann spurði, hvort ég vildi láta sig vita, hvenær henta mundi, að hann kæmi heim. Ég sagðist mundi hafa samráð við fleiri um það gál og koma þá boðum til hans. Þetta var aðalefni þess, sem okkur fór á milli.